

KORNIÐ

Börn eru gleðigjafar, skapandi og fróðleiksfús



23. 4. 2020

Ritstjórn Kornsins 2019-20

Þetta ár er það annað í röð sem skólablað Akurskóla er gefið út. Þetta skólaárið samanstendur ritstjórn blaðsins af 12 nemendum ásamt Heiðu Björgu Árnadóttur kennara sem sér um blaðið. Valið byrjaði í október og endaði í mars. Blaðið er mikilvægt fyrir foreldra sem vilja fylgjast með skólafarfinu, auk þess að vera mikilvæg fjáröflun fyrir nemendaráð skólans og allt unglíngastigið því að allur ágóði fer í félagslíf nemenda sem er notað í forvarnarskyni gegn fíkniefnum og fleiru.

Í blaðinu eru umfjallanir um flesta stóra viðburði á skólaárinu, myndir úr skólafarfi, efni frá nemendum og viðtöl við viðmælendur. Strax í byrjun vinnu við skólablaðið ákvað ritstjórn að þau vildu ræða við áhugaverðar fyrirmyndir fyrir börn og unglínga, bæði sem tengdust Akurskóla og svæðinu okkar. Við vorum svo heppin að fá inn skemmtilegan Sauðkrækling í forfallakennslu á haustönn og var því tekið viðtal við tónlistarmanninn Sverri Bergmann. Í hópi fyrrverandi nemenda erum við með Karení Mist Arngæirdóttur sem var valin Íþróttakona Njarðvíkur og Reykjanesbæjar í desember síðastliðinn og Pálma Rafn Arinbjörnsson sem er staddur í Bretlandi að spila fyrir enska úrvalsdeildarliðið Wolfes. Önnur fyrirmynd sem við fundum var njarðvíkingurinn og landsliðsmaðurinn Elvar Már Friðriksson sem hefur spilað með Njarðvík í körfubolta. Forsíðumynd blaðsins er málverk eftir Dagrúnu Ragnarsdóttur, nemanda í 10. bekk og meðlim í ritstjórn Kornsins en baksíðan er með mynd af líkani sem nemendur á unglíngastigi skólans bjuggu til af Akurskóla á þemadögum í maí-júní.

Ritstjórn skólablaðsins þakkar öllum styrktaraðilum og öllum sem komu að gerð blaðsins kærlega fyrir.

Brynjar Karl Árnason

Dagrún Ragnarsdóttir

Elíon Krasníaí

Elín Sabrína M. Rúnarsdóttir

Emilía Sandra Eíðsdóttir

Guðrún Ósk B. Magnúsdóttir

Hafsteinn Emilsson

Hólmgrímur Svanur Hólmgrímsson

Ísabella Ýr Elíasdóttir

Lárus Valberg

Rebekka Marín Arngæirdóttir

Sunneva Eldbj. Sígtryggisdóttir

Ávarp skólustjóra

Hver hefði trúað því að 2. desember 2019 þegar Rebekka og Ísabella sendu mér tölvupóst um að skrifa ávarp í skólablaðið að aðeins á nokkrum vikum myndi heimsmynd okkar gjörsamlega kollvarpast. Í stað þess að halda áfram veginn með hefðbundið skólustarf réðst að okkur ný veira og afleiðingar hennar voru óhugsandi fyrir nokkrum mánuðum.

Það má með sanni segja að skólaárið hafi verið litað af þessari veiru. Engin árshátíð haldin, nemendur í 8. – 10. bekk í heimanámi í margar vikur og aðrir nemendur mættu í skólann annan hvern dag. En það má hrósa mörgum fyrir þeirra aðlögunarhæfni, framlag og vinnu á þessum skrýtnu tímum. Í fyrsta lagi má hrósa ykkur, nemendur góðir. Þvílík aðlögunarhæfni og æðruleysi í aðstæðum sem enginn okkar hefur upplifað áður. Þið tókuð því sem að höndum bar og leystuð á ykkar einstaka hátt. Yngri nemendur hlýddu ströngum reglum um sóttvarnasvæði og unnu heima annan hvern dag með aðstoð foreldra.

Það má segja að með aðstoð foreldra og útsjónarsemi kennara og starfsfólks hafi þetta gengið vonum framár og við gátum haldið áfram veginn og nemendur fengu það nám sem var á kennsluáætlunum.

Kennararnir ykkar eiga líka hrós skilið. Það var mikið álag að færa alla kennslu á unglíngastigi yfir á stafrænt form og skipuleggja allt upp á nýtt. Kennararnir unnu heima og jafnvel með börnin sín heima líka. Það hlýtur að hafa verið snúið. Aðrir kennarar og starfsmenn mættu til vinnu í skólann og voru næstum eina fólkið í landinu fyrir utan fólk í heilbrigðisstéttinni sem hitti fjölda nemenda á hverjum degi og setti sig þar af leiðandi í ákveðna áhættu.

En nú er allt á réttri leið hér hjá okkur á Íslandi og í Akurskóla. Við vorum svo glöð að fá alla nemendur í skólann 4. maí og geta farið að skipuleggja vorferðir og ljúka skólaárinu á hefðbundinn hátt.


Árið 2020 verður árið sem þið eigið eftir að muna alla ævi. Og þó að það sé langt í það þá eiga börnin ykkar og barnabörn eftir að spyrja út í þennan tíma þegar þau læra um hann í skólanum og þau uppgötva að þið voru í grunnskóla á þessum tíma.

Eigið yndislegt sumar, njótið að vera með fjölskyldunni og við sjáumst í haust. Vonandi í veirulausri veröld.

Sigurbjörg Róbertsdóttir

Skólustjóri Akurskóla.

1. bekkur



Nemendur í 1. bekk teiknuðu fyrir okkur sjálfsmyndir til að velja úr og setja í blaðið. Valið var mjög erfitt en hér eru 3 myndir sem þau Brynjar Jökull, Heiðdís og Íris teiknuðu.



Þorrapæmað

„Nú er frost á Fróni, frýs í æðum blóð, kveður kuldaljóð Kári í jötunmóð...”

Þann 18. janúar hefst Þorrinn og með honum þorrablót, sem er gömul heiðin hátíð. Þorrablótíð var haldið til heiðurs gömlu norrænu goðunum. Janúar var erfiður og ekki var víst að allir myndu lifa veturinn af, því blótuðu menn goðin í von um að þau myndu þyrma fólkinu. Hátíðin er enn haldin í dag og hefur Akurskóli haldið árlega uppá Þorran með Þorrapemanu. Í lok þess er svo haldin veisla þar sem leikskólabörn Akurs og Holts og nemendur Akurskóla geta snætt saman ýmiskonar kræsingar svo sem hrútspunga og sviðasultu. Við tókum viðtöl við nemendur fyrsta bekkjar:

Hvað heitir þú? *Karen.*

Hvernig fannst þér Þorrapæmað? *Gaman.*

Hvað fannst þér skemmtilegast að gera? *Að borða eitthvað.*

Af hverju fannst þér það skemmtilegast? *Af því mér finnst gaman að borða.*

Hvað borðaðir þú? *Slátur.*

Fannst þér það gott? *Já.*



Hvað heitir þú? *Sunna.*

Í hvaða bekk ert þú? *Fyrsta bekk.*

Hvernig fannst þér þorrinn hér í skólanum í ár? *Skemmtilegt.*

Hvað gerðuð þið? *Borðuðum mat.*

Hvað borðaðir þú? *Hangikjöt, hákarl og rúgbrauð. Það var líka sviðasultu og hrútspungar en ég smakkaði það ekki.*

Fannst þér það sem þú smakkaðir gott? *Já, mér fannst hákarlinn mjög góður.*



Hvað vil ég verða í framtíðinni?

Í framtíðinni langar mig að verða læknir. Mig langar að fara í góðann framhaldskóla og góðan háskóla til þess að læra læknisfræði. Ég vil búa í Reykjanesbæ með manninum mínum og börnunum mínum. Mig langar að eiga nóg af peningum til þess að sjá um fjölskylduna mína og mig langar að halda áfram í sundi. Mig langar líka mögulega að verða lögfræðingur. Þegar ég er orðin gömul þá langar mig að fara á elliheimili þegar ég get ekki séð um mig sjálfa.

Elísabet, 8. bekkur

Mig langar að verða hjúkrunarfræðingur eða sálfræðingur. Mig langar að getað hjálpa fólki með andlegu heilsuna þeirra og láta öðrum líða vel.

Ég ætla að byrja á að klára grunnskólann með góðum einkunnum. Eftir það ætla ég kannski í góðan framhaldsskóla en planið er að fara í FS. Á meðan ætla ég að spila körfubolta með Njarðvík. Eftir framhaldskólann ætla ég annaðhvort að fara út að spila körfubolta eða fara í háskóla Íslands og læra hjúkrunarfræðinginn eða sálfræðina og spila körfubolta með meistaraflokk Njarðvíkur.

Mig langar enþá að vera í hestunum og ætla ég að láta þá fylgja mér í gegnum þetta ferli. Keppa á nokkrum mótum og njóta þess að fara á bak milli leikja og lærdóma.

Margrét Norðfjörð, 8. bekkur

Í framtíðinni ætla ég að vera bóndi á fínum og flottum bæ. Á bænum mínum eiga að vera kúr og eiga kindur. Ég vil búa á bæ fyrir vestan og ég ætla að fara í Bændaskólinn til þess að læra öll bóndastörf. Mig langar að vera bóndi vegna þess að ég fór í sveit í sumar og varð alveg heillaður.

Jón Hjörtur, 8. bekkur

Á haustönn kom inn nýr forfallakennar í stærðfræði á unglingastigi í Akurskóla og var hjá okkur samfellt í 2 vikur og langaði okkur í Korninu að kynnst honum aðeins betur.

Hvað heitirðu?

Sverrir Bergmann Magnússon

Hvar ólst þú upp í í hvaða skóla gekkst þegar þú varst barn?

Ég ólst upp á Sauðárkróki og gekk í Barnaskóla Sauðárkróks og svo í Gagnfræðaskóla Sauðárkróks sem í dag er búið að sameina undir merkjum Árskóla.

Hvar bjóstu áður en þú fluttir til Innri Njarðvíkur?

Ég bjó í Kópavogi.

Af hverju ákváðstu að flytja til Innri Njarðvíkur?

Einhver sagði mér að hér væri best að vera

Hvernig finnst þér að kenna í Akurskóla?

Mér fannst það mjög skemmtilegt. Gaman að hitta krakkana og kennarana. Góður andi í skólanum og geggjaður matur.

Hefurðu kennt í öðrum skólum?

Nei hef ekki kennt í öðrum skólum en hef þó stundum kennt stærðfræði í einkakennslu.

Hefurðu alltaf haft áhuga á tónlist?

Já ég hef alltaf verið sígaulandi frá því ég man eftir mér. Það var aldrei planið að verða tónlistarmaður eða söngvari en svo gerðist það bara einhvern veginn.

Áttu eitthvað uppáhalds lag sem þú hefur samið?

Já það er síðasta lag sem ég gaf út. Það heitir „Þig ég elska“ og er samið til konunnar minnar.

Hlakkar þig til að verða pabbi?

Já mjög mikið. Þetta er verðugt verkefni sem verður fróðlegt að takast á við.

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?

Saltfiskur hefur alltaf verið í miklu uppáhaldi og svo hata ég ekkert að fá mér pizzur.

Hvað er það vandræðislegasta sem hefur gerst fyrir þig?

Þegar ég kom til dyranna á brókinni og var með opna nærbuxnaklauf mér algerlega óaðvitandi. Ég skildi ekkert í hvað þeir sem voru að banka voru skrítnir á svipinn og varð svo mjög vandræðalegur þegar ég áttaði mig á stöðunni.



3. bekkur í leirlist

Þegar samkomubannið byrjaði var Akurskóla skipt upp í sóttvarnarsvæði og ýmislegt breyttist með því. Hefðbundnar smiðjur voru ekki en nemendur 3ja bekkjar voru heppnir og fengu Helgu Láru myndmenntakennara í kennarateymið sitt. Hér má sjá myndir af verkefni sem nemendur í 3ja bekk gerðu.



Maron ehf



Elvar Már Friðriksson er góð fyrirmynd fyrir unga íþróttamenn. Þessi 25 ára gamli Njarðvíkingur hefur æft körfubolta frá unga aldri, spilað með meistara-flokk Njarðvíkur, yngri flokka landsliðum og A landsliði Íslands. Hann gekk í Fjölbrotaskóla Suðurnesja en eftir stúdentspróf fór hann á körfuboltastyrk til Ameríku og menntaði sig á meðan hann spilaði körfubolta. Í dag spilar hann í Svíþjóð og var valinn bakvörður ársins í sænsku deildinni 2020.

Hvað varstu gamall þegar þú byrjaðir í körfubolta?

5 ára með Njarðvík

Hvað er stærsta mót sem þú hefur keppt í?

Eurobasket 2017 með íslenska landsliðinu

Hefur þú æft aðra íþrótt?

Ég æfði fótbolta til 15 ára en endaði á að velja körfubolta

Hverjar eru fyrirmyndir þínar í körfubolta?

Brenton Birmingham sem spilaði fyrir Njarðvík var fyrirmyndin mín þegar hann var að spila. Í dag horfi ég mikið á Stephen Curry sem spilar í NBA deildinni.

Með hvaða liði spilar þú í dag?

Ég spila í Svíþjóð fyrir Borås Basket

Þú fórst í nám erlendis og spilaðir körfubolta, hvar fórstu í skóla?

Ég var í LIU Brooklyn í New York í eitt ár en færði mig svo yfir til Barry University sem er í Miami, Florida.

Hvernig var að vera í skóla erlendis?

Það var frábær upplifun. Ég lærði heilan helling og myndaði tengslanet sem eiga eftir að nýtast mér vel. Það gat verið mjög erfitt en á sama tíma þroskandi.

Hvað þarf maður að gera til þess að fara í skóla erlendis?

Það er inntökupróf fyrir alla skóla í Bandaríkjunum sem maður þarf að komast í gegnum til þess að fá inngöngu í skóla. Það eru margar mismunandi leiðir til þess að komast í samband við skóla. Ég var svo heppinn að geta notfært mér körfuboltann til þess að komast í samband við skóla sem hjálpuðu mér í gegnum allt ferlið sem fylgir því að fara í skóla í Bandaríkjunum.

Hvað finnst þér skemmtilegt að gera?

Körfubolti er það sem mér finnst skemmtilegast að gera. Ég elska að spila golf á sumrin, ferðast og eyði mikið af tíma með fjölskyldu og vinum. Mér finnst einnig gaman að elda góðan mat og svo fylgist ég mikið með fótbolta.



Laugarvatnsferð 9. bekkjar

Víkuna 20.—24. janúar fór 9. bekkur í Akurskóla fór í fyrsta skiptið í skólabúðir UMFÍ á Laugarvatni. Nemendurnir voru í viku og þeim fannst þetta alveg æðislegt. Þau fóru ásamt Vogaskóla í Reykjavík og kynntust fullt af nýjum krökkum. Það var mikið um að vera alltaf allan daginn t.d. fórum við á kayak, fórum í sund öll kvöld, bökuðum rúbrauð í jarðhita. Nemendum var skipt í þrjú lið grænan,bláan og rauðan sem var mjög gaman. Það var farið í fullt af leikjum sem við höfðum aldrei farið í áður. Síðasta kvöldið var keppni á milli liða og var farið í leiki og gerði hvert lið innkomuatriði og græna liðið vann.



ÞINN HAGUR Í BÍLAVARAHLUTUM!

BREMSUHLUTIR ★ STÝRISHLUTIR ★ SLITHLUTIR ★ LJÓS
BODDÝHLUTIR ★ KÚPLINGAR ★ OG MARGT FLEIRA

Höfum á lager
VARAHLUTI
í flestar gerðir bíla



WWW.ABVARAHLUTIR.IS




AB VARAHLUTIR - BREKKUSTÍGUR 39 - REYKJANESBÆR - SÍMI: 421-7708 - ALLTAF BETRI

Hrekkjavaka í Akurskóla




Þann 31. október síðastliðinn var haldið upp á hrekkjavöku (e. *Halloween*) í Akurskóla. Hrekkjavakan er hátíðsdagur kominn frá keltum en þá var hann kallaður Samhain. Hátíðin tengist í raun annarri hátíð þar sem hrekkjavaka er vakan fyrir allraheilagramessu. Í Skotlandi og á Írlandi var hefð fyrir því að á hrekkjavöku væri brennandi kertum komið fyrir í útskornum næpum og á Írlandi og í Skotlandi tíðkaðist að kveikja bálkesti. Sú hefð hefur svo þróast úr næpum yfir í grasker víða um heim. Einnig fóru bæði

unglingar og fullorðnir á milli húsa klæddir búningum með grímur og gerðu öðrum gjarnan einhvern grikk í leiðinni.



Hér í Innri Njarðvík hefur lengi verið hefð fyrir því að halda upp á hrekkjavöku og þetta árið ákvað nemandaráð Akurskóla að vera með hrekkjavökupema allan októbermánuð. Það voru ýmsir viðburðir t.d. fönndruðu krakkarnir í frístundarskólanum skraut til að hengja upp í skólanum, hryllingsmyndasamkeppni var fyrir nemendur á miðstigi og allir haldin voru hrekkjavökudiskótek fyrir 1. - 7. bekk.

Þann 31. október mættu síðan nemendur og kennarar Akurskóla skólann í margskonar flottum búningum. Nemendaráðið hafði breytt tveimur skólastofum í draugahús og meira að segja klætt sig í hryllilega búninga, falið sig til að bregða krökkunum og heyrðust öskrin fram á gang. Draugahúsið var ný viðbót við daginn og fékk mikla athygli frá krökkum sem voru titrandi af spenningi fyrir því að ganga í gegnum það. Draugahúsið heppnaðist mjög vel vægt til orða tekið og verður þetta vonandi endurtekið næstu ár.



Ólympíuhlaup og Göngum í skólann

Akurskóli tekur á haustönn þátt í Göngum í skólann og Ólympíuhlaup Íslands sem eru viðburðir á vegum ÍSÍ. Þetta árið hlupu 385 nemendur samtals 2.293 km. Hefð er fyrir því að kennarar hlaupi með fyrstu hringina og þetta árið hlupu þær Þórunn Kristjánsdóttir, Íris Lind Björnsdóttir og Krístrún Una Thoroddsen sem allar hlupu 5 km.

Sigurvegarar:

- 3. bekkur - Ólympíuhlaup á yngsta stigi
- 4. bekkur - Göngum í skólann á yngsta stigi
- 5. bekkur - Göngum í skólann á miðstigi
- 6. bekkur - Ólympíuhlaup á miðstigi
- 10. bekkur – Sigræði bæði á unglingastigi



Brynjar Dagur í 9. bekk hljóp mest á elsta stigi eða 17,5 km og Denas í 6. bekk hljóp lengst af öllum nemendum skólans eða 10 hringi sem eru 25 km.

Daníel Kári, Rúnar Árni, Bergur Leó og Arna Dís hlupu mest á yngsta stigi. Þau hlupu öll 3 hringi sem eru 7,5 km.

HSS Fiskverkun




Myndir úr vorferð 4. bekkjar

Þann 13. maí fóru nemendur og kennarar 4. bekkjar í vorferð í Heiðmörk. Ferðin var mikið ævintýri fyrir nemendur og koma hér nokkrar myndir úr ferðinni.



Páskasögur úr 4. bekk

Anna Dís & Adriana




Páska kúningan Til Björgar
 Einn sinni. Voru fjórir ungar sem voru bestu vinir en einn dag sagði einn vinurinn þá mátti ekki vera með sagði hann við Litla ungan. Þá varð Litli ungin leiður en svo kom páska kúningan til Björgar og skoppaði til Litla ungs og sagði hvað er að hitu ungi sagði kúningan vinir mínir ségu að ég mátti ekki vera með

Anna Dís & Adriana

Sagði Litli ungin hmmm ég skal fara við vini þína sagði kúningan Takk sagði Litli ungin. Svo skoppaði kúningan til vini Litla ungs. Svo sagði kúningan við vini ungs og sagði aftur má Litli ungin ekki vera með sagði kúningan. Bara við viðum vera bara þeir en svo sagði einn ungi. Ég vil vera með Litla unganum. flott sagði kúningan svo sagði kúningan vill einhver annar vera með. Nei ségu hinir 3. og svo þegar þau voru komnir páska þá kom kúningan til Litla ungs og sagði viltu koma með mér að bera út páska eggin sagði kúningan Já Takk sagði Litli ungin. og þá var ungin búin að eignast nýjan vin og þeir höfðu góða gaman. Endir

Anna Dís & Adriana

PÁSKA HEIMSÍÐIN



Sækja páskaegg.

Hann áttar að selja eggjón þóttavel

Svo er hann dreginn inn annan heim...

Svo deður hann hér úr loftinu í páskaheiminu...

Hér er hann mið breddur

Hér sækir hann að standa upp

úr sákkoladeggjum, komi páskaungu

Anna Dís & Adriana

HANN KALLI KÚNINGAN. ÉG SÓFUNDI HANN SÉFUÐ IGKT ÞILLO ÞASKA

ÞASKA. HANN VAKNAU VEM ÞASKA ÞU ÞU HANN AÐ GEFU EGJ... OG MEIÐIR SHÍMIKÍ KALLI

HALLI

OG HANN FER Í SLUKKA HÚSIÐ KALLI

OG HANN BRALT HRDINDA KALLI

OG HANN BRALT FÓTIL

KALLI

KALLI

OG ÞASKA KOMU ÞKKI

OG ALLIR VORU LEIÐIR


KALLI Egg

Skíðaferð í Bláfjöll



Árleg skíðaferð unglíngastígs Akurskóla var farin í febrúar og fóru í þetta sinn tæplega 100 nemendur með fjórum kennurum. Við vorum mjög heppin með veður og var gleðin ríkjandi hjá unglíngunum, sérstaklega eftir að ferðin var felld niður í fyrra vegna þess að veðrið hentaði illa á þeim dögum sem hægt var

að fara. Lagt var af stað um hádegi og skíðað fram að kvöldmat.



Í þessari ferð er mjög algengt að krakkar séu jafnvel að fara í fyrsta sinn á skíði og/eða bretti en mikið af þeim krökkum voru komin í stóru brekkurnar áður en dagurinn var búinn. Að loknum skíðadeginum var þreyttur en ánægður hópur nemenda sem hélt heim á leið.



Karen Mist

Íþróttamaður úr Akurskóla

Karen Mist Arneirsdóttir er fyrrum nemandi Akurskóla, en hún útskrifaðist úr skólanum okkar vorið 2016. Síðan þá hefur hún lokið við stúdentspróf frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja og stefnir nú á nám og sundiðkun á erlendri grundu. Hún er afrekskona í íþróttum, var vali bæði íþróttakona Njarðvíkur og íþróttamaður Reykjanesbæjar árið 2019 og er stórkostleg fyrirmynd fyrir unga íþróttamenn.

Hvað heitir þú og hvað ertu gömul?

Ég heiti Karen Mist og ég er 20 ára gömul.

Hvað æfirðu ?

Sund.

Hvað ertu búin að æfa lengi?

Það er að detta í ellefta árið mitt.

Hvað er uppáhalds sundið þitt?

Klárlega bringusundið.

Hvernig er að vera íþróttamaður Reykjanesbæjar?

Þetta er svakalegur heiður þetta er náttúrulega það sem allir sundmenn vilja held ég en að fá verðlaun fyrir að standa sig vel í sinni eigin íþrótt.

Hvað ætlarðu að vera í framtíðinni?

Ég ætla vera kennari í grunnskóla, langar að kenna börnum frá 9 ára til 13 ára aldurs.

Hvað langar þig að kenna?

Mér langar að kenna allt bara ég er náttúrulega að fara flytja til Florida í ágúst og ætla að læra kennaran þar ætli ég verði ekki góður ensku kennari útaf því ég er að læra námið á ensku.



Hvenær útskrifaðist þú úr Akurskóla?

Árið 2016 útskrifaðist ég úr Akurskóla það eru komin fjögur ár síðan.

Áttu eitthverjar góðar minningar úr Akurskóla?

Fullt af þeim ég man ekki hvað það helsta var en það var alltaf gaman að grínast í Garðari húsverði, allir kennararnir Svenni hann var æðislegur, besti kennari í heimi og síðan bara allir sem voru með mér í bekk þau gerðu bara skólann náttúrulega bara skemmtilegri.

Hvert stefnir þú í sundinu?

Eins langt og hægt er að fara það er hægt að segja að það séu Ólympíuleikarnir.

Ætlarðu þú einhvern tímann að hætta í sundi?


Já, planið mitt er að hætta í kringum 25 eða 26 ára en ég held það fer eftir því hvar ég verð stödd í lífinu hvort að ég er tilbúin að stofna mína eigin fjölskyldu og hvort ég sé tilbúin að fara vinna á fullu.

Myndirðu þú mæla með að æfa sund?

Sund er ekki fyrir alla ég myndi segja það ég veit ekki hvort ég myndi setja krakkana mína í sund en ég ætla láta þau læra sund en ég veit ekki alveg hvort ég myndi láta þau æfa sund. Ef þú ert með metnaðinn fyrir hlutunum og ætlar þér margt þá myndi sund alveg vera flott íprótt fyrir þig.







Vorþema á unglíngastigi



Á vordögum voru haldnir þemadagar í Akurskóla. Á unglíngastigi var þemað Tækni, vísindi og hönnun og fylgja hér nokkrar myndir frá þessu frábæra og fjölbreytta námi sem fram fór. Á föstudegi kom Stjörnu - Sævar með fyrirlestur um umhverfið og náttúruna.



Tækni, vísindi og hönnun



Pálmi Rafn Arinbjörnsson

Vorið 2019 útskrifaðist Pálmi Rafn úr Akurskóla, nú þegar kominn með tilboð og áætlanir um að fara til Bretlandseyja strax um haustið til að æfa fótbolta. Við slóum á þráðinn til Pálma til að heyra hvernig gengur og hvað hann ráðleggur ungum íþróttamönnum í dag.

Hvað heitir þú?

Ég heiti Pálmi Rafn Arinbjörnsson.

Hvernig var í Akurskóla?

Þegar ég var í 8.bekk, þá sagðist ég aldrei ætla aftur inn í þennan skóla eftir að ég væri búinn að útskrifast, en eftir að ég útskrifaðist þá er ég búinn að heimsækja skólann nokkru sinnum.. alltaf þegar ég kem heim í frí frá boltanum. Ég get ekki lýst því hvað ég sakna þess að vera í Akurskóla. Hefði viljað eitt ár í viðbót ef það hefði verið hægt. En skóla gangan var mjög krefjandi fyrir mig og án efa fyrir kennarana sem kenndu mér líka, var vel virkur og átti afar erfitt með að sitja kyrr, var mikill spjallari, en þrátt fyrir það þá eignaðist ég góða vini sem ég mun alltaf þykja vænt um og endalaust af góðum minningum. Síðan var ég mjög heppinn með kennara, sem tóku mér eins og ég var. Þykir rosa vænt um alla kennara sem kenndu mér í Akurskóla.



það hefði verið hægt. En skóla gangan var mjög krefjandi fyrir mig og án efa fyrir kennarana sem kenndu mér líka, var vel virkur og átti afar erfitt með að sitja kyrr, var mikill spjallari, en þrátt fyrir það þá eignaðist ég góða vini sem ég mun alltaf þykja vænt um og endalaust af góðum minningum. Síðan var ég mjög heppinn með kennara, sem tóku mér eins og ég var. Þykir rosa vænt um alla kennara sem kenndu mér í Akurskóla.

Hvaða íþrótt spilar æfir þú?

Ég æfi fótbolta.

Fyrir hvaða lið spilar þú?

Ég spila fyrir enska úrvalsdeildarliðið Wolves (Wolverhampton Wanderers)

Hvernig er að búa í Englandi?

Það er geggjað að búa í Englandi, sérstaklega með mömmu mína og litla bróðir minn hjá mér. Er að æfa alla daga vikunnar og keppi um helgar, get ekki kvartað! Ég er að vinna við það sem ég elska að gera, spila fótbolta, það er eitthvað sem er ekki sjálfsagt. En á sama tíma er þetta mjög krefjandi, langar og strangar æfingar. Tók mig nokkrar vikur að venjast þessu, en núna er ég bara að njóta, halda áfram að bæta mig.

Hvenær byrjaðir þú að æfa fótbolta?

Ég æfði þegar ég var í fyrsta bekk en hætti fljótlega vegna þess að ég þoldi ekki gauraganginn. Var mjög viðkvæmur krakki. En síðan í 5. bekk byrjaði ég að leika mér í fótbolta í frímínútum í skólanum en aldrei ætlaði ég að byrja að æfa, en síðan segja strákarnir að það vantar markmann í C-liðið hjá 5. flokki, þannig ég kíkti á æfingu og hef ekki hætt síðan.

Ertu með eitthver ráð fyrir unga íþróttamenn sem dreymir um atvinnumennsku í framtíðinni?


Þeir sem stefna langt og/eða vilja skara framúr verða oft fyrir miklu mótlæti frá jafnöldrum og þá er mikilvægt að hafa trú á sjálfum sér og leyfa sér að dreyma stórt en á sama tíma muna að þetta er mikil vinna, þú þarft að æfa meira en hinn aðilinn. Mjög mikilvægt á ungum aldri, að fara útá völl þegar það er ekki æfing og mæta fyrr á allar æfingar, gera fótavinnu, æfa sendingar og skot og eitthvað slíkt. Æfingin skapar meistarann er mottó sem ég hef tileinkað mér síðan ég var lítill. Síðan er andlegur styrkur jafn mikilvægur og líkamlegur styrkur, passa vel uppá bæði. Síðan er alltaf gott að hafa markmið, ég byrjaði snemma að gera það og hjálpaði það mér að halda fókusi. Það er líka mikilvægt að hafa sterkt hugarfar á æfingum og leikjum, hafa þetta „*winning mentality*“, þegar æfing stendur þá ertu bara að hugsa um æfinguna, hvað þú getur gert til að verða betri, og í leikjum, hugsa um hvernig þú getur hjálpað liðinu að vinna, og alltaf að performa 100% á öllum æfingum og leikjum, ekkert slór.



Vorþema á yngsta- og miðstigi

Undir berum himni

Hefð er fyrir því að vorþema yngsta - og miðstigs Akurskóla sé „Undir berum himni“. Nemendur fara þá á flakk, á yngsta stigi eru nemendur að mestu skipt eftir árgöngum en á miðstigi er nemendum skipt í hópa þvert á stigið. Þetta árið var mikið fjör og fóru nemendur á ýmsa staði í Reykjanesbæ, hittu nemendur yngsta stigs m.a. Skessuna, skoðuðu Slökkviliðssafnið, heimsóttu 88 húsið og fleira skemmtilegt. Nemendur á miðstigi kepptu í Akurtröllinu, fóru í ratleik í miðbæ Reykjanesbæjar og spiluðu. Veðrið setti smá strik í reikninginn en flestir létu það nú ekki stöðva sig :)







Nú á vordögum sýndi leiklistarval skólans söngleikinn Hársprey. Hópurinn hafði æft leikritið fyrr í vetur en síðan kom Covid með tilheyrandi samkomubanni sem setti strik í reikninginn. Nemendur og kennarar létu það þó ekki stöðva sig og var leikritið sýnt nemendum skólans næst í síðustu kennsluviku skólaársins við frábærar undirtektir. Stóðu nemendur sig einstaklega vel og voru nemendur á öllum aldri sem og starfsfólk skólans algjörlega heillað af þessum hæfileikaríka hóp nemenda sem er í leiklistarvali skólans. Þrír kennarar skólans, þær Kristín Þóra Möller, Aðalheiður Hanna Björnsdóttir og Brynja Ýr Júlíusdóttir, sáu um leikstjórn og uppsetningu söngleiksins en sú síðastnefnda þýddi og staðfærði verkið.





Hvar verð ég eftir 30 ár?

Ég vona að ég verði kokkur og örugglega á hóteli á leiðinni til að fá meistarábréfið. Ég vona að ég fái vinnu á skemmtiferðaskipi að ferðast um heiminn og að elda mat fyrir fullt af fólki. Þegar ég meina að ferðast um heiminn er ég að fara til Frakklands, Spánar, Tyrklands, Búlgaríu, Ítalíu og Þýskalands. En ef ég verð kyrr á Íslandi þá mun ég stofna fjölskyldu og örugglega halda áfram í kokkabransanum og stofna minn eigin veitingastað með mismunandi rétti.

Haraldur, 6. bekkur

Ég verð 41 ára. Ég er ekki alveg viss um hvað mér langar að vera en það eru nokkrir hlutir sem mig langar að vera. Það er fimleikakennari, ljósmóðir eða hárgreiðslukona. Ég verð örugglega búin með skólann. Ég mun kannski eignast börn ég veit það ekki. Kannski mun ég ekki einu sinni vera með kærasta eða mann. Ég gleymdi næstum að mér langar líka að vera rithöfundur. Ég verð með hund vonandi, mun eiga heima í Innri Njarðvík og ef ég á börn mun ég vera mjög dugleg að fara með þau í útilegu og fleira. Ég verð mjög dugleg að heimsækja mömmu og pabba minn. Mér langar líka að vera píanóleikari og söngvari. Ef ég mun eignast stelpu þá verð ég örugglega mjög mikið að gera í hárið á henni ef hún er ekki hársár. Líka ég mun örugglega vera mjög dugleg að elda mat og baka. Mér langar líka að vera píanókennari og ég veit að ég mun örugglega skreita mjög mikið fyrir jólin og fleira.

Katrín B., 6. bekkur



*Stígvélaðir kettir eftir
nemendur í 3. bekk*

Við lesum í Akurskóla

Ár hvert er eitt stærsta verkefni nemenda Akurskóla að vera duglegir að lesa, hvort sem það er í heimalestri, yndislestri eða í námsgreinum. Markmiðin eru alltaf þau sömu, bæta orðaforða, lesskilning og leshraða og dreymir alla kennara um að ná að hjálpa sínum nemendum að verða lestrarhestar sem geta nýtt færni sína á fjölbreyttan hátt í námi og lífi.



Arna Dís Emilsdóttir

4. bekkur

Uppáhaldsbók:

Harry Potter 5

Höfundur:

J. K. Rowling

Einkunn:



Ester Valberg

1. bekkur

Uppáhaldsbók:

Frozen

Höfundur:

Disney

Einkunn:



Magdalena Dröfn Árnadóttir

Stuðningsfulltrúi


Uppáhaldsbók:

Allt hold er hey

Höfundur:

Þórgímur Þráinsson

Einkunn:



Rebekka Júlía Eyjólfsdóttir

3. bekkur

Uppáhaldsbók:

Kiddi Klaufi

Höfundur:


Jeff Kinney

Einkunn:



Myndir af jólaskeytingum í Akurskóla

Á hverju ári skreyta nemendur skólann sinn vel fyrir jólin en fyrir nokkrum árum skapaðist hefð fyrir því að skreyta hurðirnar líka. Á unglíngastigi er keppt um að búa til flottustu hurðina og vann 9. bekkur þetta árið.






Hátíðarkvöldverður og útskrift

Þetta árið var útskrift 10. bekkjar óhefðbundin er mjög vel heppnuð. Kvöldið hófst á hátíðarkvöldverði í boði foreldra sinna með kennurum. Þetta kvöld fengu nemendur borða með vel völdum titlum frá samnemendum sínum, skemmtiatriði var í boði skólans og



var mikið hlegið og gaman. Nína og Dagrún, nemendur í 10. bekk spiluðu og Frosti og Ágústa voru kynnar þetta kvöld. Að þessu loknu var haldin útskrift þar sem foreldrar komu og horfðu á. Elíana Sól söng á útskriftinni og Þórhildur Erna hélt ræðu fyrir hönd samnemenda sinna og eftir útskriftina var síðan kveikt á tónlist og nemendur og kennarar skelltu sér á dansgólfið.





Flottu krakkarir með borðana sína





Myndir frá vorhátíð



Verðlaunaafhendingar á vorhátíð



Nemendur 2. bekkjar héldu uppi bestu stemningunni á yngsta stigi.



Nemendur 4. bekkjar voru stíghæsta liðið á yngsta stigi.



Nemendur 6. bekkjar héldu uppi bestu stemningunni á miðstigi.



Nemendur 7. bekkjar voru stíghæsta liðið á miðstigi.



Nemendur 8. bekkjar héldu uppi bestu stemningunni á unglíngastigi.



Nemendur 9. bekkjar voru stíghæsta liðið á unglíngastigi.

Vorþema á unglíngastigi

Hér má sjá líkan af Akurskóla sem nemendur á unglíngastigi unnu í sameiningu á þemadögum að vori. Líkanið er hægt að skoða í anddyri skólans.

